

70

ar lögmæt. En amtsráðið vildi eptir krinumstæðunum leyfa, að við svo búið mætti standa, þar sem nota mætti hina unnu vegabót til framhalds hreppavegi á hinu tiltekna svæði. Reikningurinn var þannig samþykktur.

Feiri mál komu eigi til umræðu og var því fundi slitið.

Akureyri 30. júní 1893.

*J. Havsteen.*

71

## Skýrsla

um aðalfund amtsráðs Suðuramtsins 27.—29. júní 1893.

Árið 1893, 27. júnímán., var settur aðalfundur amtsráðs Suðuramtsins og haldinn á skrifstofu amtmannsins í Suðuramtinu. Á fundinum voru mættir: hinn setti amtmaður í suðuramtinu, yfirdómari Kristján Jónsson, amtsráðsmaður Austur-Skaptafellssýslu, hjeradslæknir Þorgrímur Þórðarson, amtsráðsmaður Vestur-Skaptafellssýslu, sýslumaður Guðlaugur Guðmundsson, amtsráðsmaður Rangárvallasýslu, sýslumaður Páll Briem, amtsráðsmaður Árnassýslu, Valdimar prestur Briem, amtsráðsmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, Þórður hreppstjóri Guðmundsson, amtsráðsmaður Borgarfjarðarsýslu, Guðmundur prófastur Helgason.

Þessi mál komu til umræðu á fundinum:

1. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs Suðuramtsins fyrir 1892 með fylgiskjölum.
2. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld búnaðarskólasjóðs Suðuramtsins fyrir 1892 með fylgiskjölum.
3. Forseti lagði fram leigulíðasjóðsreikning Suðuramtsins fyrir 1892.
4. Forseti lagði fram reikning yfir tekjur og gjöld eldgosasjóðs Suðuramtsins fyrir 1892.

Endurskoðun jafnaðarsjóðs reikningsins var falin sýslumanni Páli Briem og Þórði hreppstjóra Guðmundssyni, leigulíðasjóðsreikningsins prófasti Guðmundi Helgasyni, og hinna reikninganna, sýslumanni Guðlaugi Guðmundssyni og Valdimar presti Briem.

5. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýslusjóðsreikninga:
  - a. Reikning fyrir Austur-Skaptafellssýslu fyrir 1892;
  - b. — — Vestur-Skaptafellssýslu fyrir s. á.;
  - c. — — Árnassýslu fyrir s. á.;
  - d. — — Vestmannaeyjasýslu fyrir s. á.;
  - e. — — Gullbringu- og Kjósarsýslu fyrir s. á.;
  - f. — — Borgarfjarðarsýslu fyrir s. á.

Endurskoðun reikninganna fyrir Vestmannaeyja- og Borgarfjarðarsýslur var falin sýslumanni Guðlaugi Guðmundssyni og hjeradslækni Þorgrími Þórðarsyni, fyrir Árnassýslu og Skaptafellssýslurnar, sýslumanni Páli Briem

og Þórði hreppstjóra Guðmundssyni, og fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu forseta og Guðmundi prófasti Helgasyni.

71

6. Forseti lagði fram eptirrit þau af gjörðabókum sýslunefndanna, er nú skal greina:
- a. Úr Austur-Skaptafellssýslu, fundargjörðir 15. maí 1893. — Við þær fannst ekkert að athuga.
  - b. Úr Vestur-Skaptafellssýslu, fundargjörðir 4. og 5. apríl 1893. Við þær fannst ekkert að athuga.
  - c. Vestmannaeyjasýslu, fundargjörðir 21. júní 1892, fundargjörðir 5. ágúst sama ár, fundargjörðir 24. janúar 1893, fundargjörðir 13. marz 1893, fundargjörðir 18. apríl 1893 og fundargjörðir 10. maí 1893. Við þessar fundargjörðir fannst ekkert að athuga. Eptir ósk sýslunefndarinnar veitti amtsráðið samþykki til 200 króna aukaniðurjöfnunar sýslunefndarinnar 10. maí 1893.
  - d. Úr Rangárvallasýslu, fundargjörðir 1. oktbr. 1892, fundargjörðir 12.—14. apr. 1893 og fundargjörðir 3. júní 1893. Við þær fannst ekkert að athuga.
  - e. Úr Árnessýslu, fundargjörðir 25.—27. apríl 1893. Amtsráðið athugaði í samhljóðun við lög um veitingu og sölu áfengra drykkja 10. febrúar 1888, 6. gr., að það væri eigi formlegt af sýslunefndinni, er hún fyrir sitt leyti hafði veitt leyfi til að veita áfenga drykki á Eyrarbakka, áður en málið hefði verið borið undir hreppsþúa á hreppaskilapingi. Að öðru leyti var ekkert að athuga við fundargjörðirnar.
  - f. Úr Gullbringu- og Kjósarsýslu, fundargjörðir 3. nóv. 1892, 1. febrúar og 26. maí 1893. Við þær fannst ekkert að athuga.
  - g. Úr Borgarfjarðarsýslu, fundargjörðir 7. desbr. 1892 og 3.—4. maí 1893. Við þær fannst ekkert að athuga.
7. Sýslunefnd Borgarfjarðar hafði leitað samþykkis amtsráðsins til að taka 800 króna lán úr landssjóði, til að borga búfræðing Birni Bjarnarsyni eptirstöðvar af kaupverði Hvanneyrar, að upphæð 500 kr., og enn fremur eptirstöðvar af skuld sýslusjóðsins til landsbankans, að upphæð 300 kr., með því að sýslunefndin hafi eigi getað notað leyfi amtsráðsins til, að borga Birni Bjarnarsyni áður nefndar 500 kr., sem amtsráðið hafði veitt í fyrra (sbr. fundargjörðir 1892 tölul. 14). Lánið skyldi endurborgast landsjóði á 8 árum, með 100 kr. á ári. Amtsráðið veitti leyfi til svo lagaðrar lántöku.
8. Forseti lagði fram brjef frá kvennaskólanefndinni í Reykjavík, dags. 31. maí þ. á., þar sem hún fer þess á leit, að kvennaskólanum verði veittur styrkur af jafnaðarsjóði Suðuramtsins, ef audið sje, eigi minna en 200 kr. Fylgdi þessu brjefi reikningur skólans. Amtsráðið ákvað að veita skólanum 100 kr. í ár af jafnaðarsjóði.
9. Forseti lagði fram bönarbrjef frá Oddi prestí Gíslasyni, dags. 20. þ. m.,

71

- um 300 króna styrk af jafnadsarsjóði til bjargráðaframkvæmda. Amtsráðið veitti 100 krónur í þessu skyni.
10. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Rangárvallasýslu, dags. 21. þ. m., um að amtsráðið vilji samþykkja það ákvæði sýslunefndarinnar, að tekinn verði í sýsluvegatölu vegurinn frá Stórólshvoli stytztu leið á aðal-póstveginn að svo kalladri Öldu. Amtsráðið veitti samþykki sitt til þessa.
11. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Rangárvallasýslu, dags. 21. þ. m., um að sýslunefndin þar í sýslu óskar, að amtsráðið vildi hlutast til um, að gjört verði við sýsluveginn frá Króki út á Eyrakka. Amtsráðið ákvað að leggja fyrir sýslunefndina í Árnessýslu að halda sýsluvegi þess-um í viðunanlegu ástandi, eptir því sem efni sýsluvegasjóðsins leyfa.
12. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Vestmannaeyjasýslu, dags. 10. ágúst 1892, þar sem hann fer þess á leit, að amtsráðið veiti samþykki sitt til, að sýslunefnd Vestmannaeyjasýslu megi taka til láns handa sýslu-sjóðnum, til aðgjörðar á þinghúsi sýslunnar, 600 krónur. Amtsráðið veitti samþykki sitt til þessa. (Frh.).

#### VERZLUNARRÆÐISMAÐUR.

Samkvæmt tilkynning frá ráðaneytinu var herra *Staffan F. R. P. Cederskjöld* með konungsúrskurði 24. júlí þ. á. viðurkenndur sem konunglegur aðal-verzlunarræðismaður fyrir Svíaríki og Noreg í Danmörk, að Íslandi meðtöldu, og á hann að hafa aðsetur í Kaupmannahöfn.

#### EMBÆTTASKIPAN.

27. júlí setti biskup sóknarprest til Nesþinga, *Helga Arnason*, til þess fyrst um sinn að gegna prófatsstörfum í Snæfellsnessprófatsdæmi.

15. júlí veitti landshöfðingi prestaskólakandidat *Ófeigi Vigfússyni Holtaping* í Rangárvallaprófatsdæmi, samkvæmt kosningu hlutadeigandi safnaðar.

26. júlí setti landshöfðingi cand. polit. *Sigurð Briem* til þess að gegna sýslumanns-embættinu í *Barðastrandarsýslu* upp á eigin ábyrgð fyrst um sinn frá 1. ágúst að telja.

19. ágúst veitti landshöfðingi *Breiðabólstaðarprestakall* í Húnavatnsprófatsdæmi presti að *Goðdölum* síra *Hálfðáni Guðjónssyni*, samkvæmt kosningu hlutadeigandi safnaðar.

21. ágúst setti landshöfðingi læknskólakandidat *Jón Jónsson* til að þjóna 14. lækni-ishjeradi frá 1. sept.

1. sept. var sýslumannsembættið í *Barðastrandarsýslu* af hans hátign konunginum veitt kand. jur. *Páli Einarssyni* frá 1. okt. að telja.

#### HEIÐURSGJAFIR.

31. ágúst veitti landshöfðingi bændunum *Jóni Skúlasyni á Söndum* í Húnavatns-sýslu og *Magnúsi Þórarínssyni* í *Miðhásum* í *Gullbringusýslu heiðursgjafir*, 140 kr. hvorum, af styrktarsjóði Kristjáns konungs IX. í minningu 1000 ára hátíðar Íslands, fyrir framúr-skarandi dugnað í jarðabótum og húsabyggingum.

#### ÓVEITT PRESTAKALL.

*Goðdalir* í Skagafjarðarprófatsdæmi. (Goðdala- og Ábæjarsóknir). Metið 770 kr. 77 a. Augl. 23. ágúst. Veitist frá næstu fardögum.

**76** kvæmt 41. gr. farmannalaga 22. marz 1890, hef ákveðið, að sektir þær, sem 18. sept. brjef yðar ræðir um, skuli fyrst um sinn falla í fiskimannasjóð Kjalarnessþinga frá 24. júní 1840.

**77** **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lánveiting handa prestakalli**  
20. sept. **til landkaupa.** — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í þóknanlegu brjefi, dags. 16. þ. m., vil jeg hjer með veita Skútustaðaprestakalli í Suður-Pingeyjarprófastsdæmi 600 kr. lán úr landssjóði, til þess að kaupa handa prestakallinu þann fjórðung svo nefndra »framengja« staðarins, sem undanskilinn var af eigananum, þá er  $\frac{3}{4}$  Skútustaða voru keyptir til prestsseturs 1876, þannig, að nefnt lán endurborgist af tekjum prestakallsins á næstu 28 árum, með 6% árlega í vexti og afborgun.

**78** **Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um lánveitingu handa prestakalli**  
20. sept. **til húsakaupa og húsabygginga.** — Eptir að hafa fengið þóknanlegt brjef stiptsyfirvaldanna, dags. 18. þ. m., vil jeg hjer með eptir beiðni prestsins að Grenjadarstað, síra Benedikts Kristjánssonar, er hlutadeigandi prófastur hefur mælt með, og þjer, herra amtmaður og herra biskup, stutt með tillögum yðar, endurnýja samþykki það, er veitt var í brjefi mínu dags. 8. april 1891 (Stjt. 1891 B, bis. 66), til þess að tjeður prestur taki lán fyrir prestakallið að upphæð 3000 krónur til 28 ára, gegn veldi í tekjum þess, þannig að lánið ávaxtist og endurborgist með 6% á ári í nefndan tíma, og getur lán þetta fengizt af landsjóði. Lánsupphæðinni skal sumpart varið til að kaupa, prestakallinu til handa, hús þau, baðstofu  $20 \times 6$  álnir, búr  $17 \times 5\frac{1}{4}$  ál. og eldhús  $15 \times 6$  ál., er presturinn hefur byggt á prestsetrinu Grenjadarstað, sumpart til þess að byggja þar vandaða stofu,  $6 \times 8$  ál. og 2 skemmur  $6 \times 8$  ál. hvora, portbyggðar og með lopti, timburgólfi og þiljum að nokkru leyti, er allt verði eign prestakallsins, og komi framantalin hús öll í stað núverandi jarðarhúsa, baðstofu, búrs, eldhúss og stofu og 4 skemmuræfla, en þau hús verði um leið eign prestsins.

Byggingunni á að vera lokið á næsta sumri, og ber prestinum að vátryggja húsin fyrir eldsvöða, þau, sem þegar eru byggð, nú þegar, en hin þegar þau eru upp komin; vátryggingarupphæðin skal vera að minnsta kosti 3660 krónur, og ber að halda húsunum síðan í slíkri ábyrgð.

Prestinum ber á komanda sumri að sanna fyrir prófasti, að byggingunni sje lokið samkvæmt áætlun, og verkið að öllu leyti vel af hendi leyst; ber honum síðan að halda húsunum vel við, og skal hann eða bú hans á sínum tíma skila þeim í gildu standi eða með fullu álagi.

## Skýrsla

um aðalfund amtsráðs Suðuramtsins 27.—29. júní 1893. (Framh.).

13. Forseti lagði fram brjef frá sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu,

dags. 17. þ. m., þar sem hann fer þess á leit fyrir hönd sýslunefndarinnar þar í sýslu, að amtsráðið veiti samþykki sitt til, að styrk til gufubátsferða á Faxaflóa, að upphæð 1000 kr., fyrir yfirstandandi ár, megi greiða að helmingi af sýslusjóðsniðurjöfnunargjaldi, en að helmingi af sýsluvegagjaldinu. Amtsráðið veitti samþykki til þessa.

14. Forseti lagði fram brjef frá Magnúsi bónda Ólafssyni á Hraðastöðum, dags. 3. okt. 1892, þar sem hann fer þess á leit, að honum verði veitt endurgjald af jafnaðarsjóði fyrir skaða þann, sem hann hefur beðið af miltisbruna 1891 og 1892, að upphæð 533 kr. 70 aura. Amtsráðið sá sjer ekki fært samkvæmt gildandi lögum að veita slíkt endurgjald.

Síðan var fundi frestað til næsta dags.

Næsta dag hinn 28. júní var fundinum haldið áfram og kom þá til umræðu:

15. Endurskoðendur jafnaðarsjóðsreikningsins, er kosnir voru daginn fyrir' lögðu fram reikninginn og hreifðu nokkrum athugasemdum, og þótti amtsráðinu út af þeim að eins ástæða til að taka fram, að bólusetjarar hefðu að eins rjett til að fá gjald fyrir bólusetningar, þegar bólan kæmi út, en þá hefðu þeir rjett til að fá fullt bólusetningargjald (3: 25 aura) einnig fyrir endurbólusetta menn.
16. Endurskoðendur búnaðarskólasjóðsreikningsins lögðu fram reikninginn, og höfðu þeir gjört þá athugasemd, að búnaðarskólagjaldið í Vestmannaeyjasýslu væri vanborgað um 48 aura, með því að sýslumaður hefði að eins reiknað 3 aura af jarðarhundraði hverju, í stadinn fyrir 1½ skilding. Amtsráðið fól forseta sínum, að innheimta hina vanborguðu upphæð.
17. Endurskoðandi leiguliðasjóðsreikningsins lagði fram reikninginn, og var hann samþykktur án athugasemda.
18. Endurskoðendur eldgosasjóðsreikningsins lögðu reikninginn fram, og var hann samþykktur án athugasemda.
19. Endurskoðendur sýslusjóðsreiknings Austur-Skaptafellssýslu 1892 lögðu fram reikninginn, og var hann eptir tillögum þeirra samþykktur óbreyttur.
20. Endurskoðendur sýslusjóðsreiknings Vestur-Skaptafellssýslu 1892 lögðu fram reikninginn, og var hann eptir tillögum þeirra samþykktur óbreyttur.
21. Endurskoðendur sýslusjóðsreiknings Árnessýslu 1892 lögðu fram reikninginn, og var hann eptir tillögum þeirra samþykktur með þeim athugasemdum, að verkfærra skýrslur í sýslunni virðast harla ófullkomnar, og standa eigi í samræmi við reikninginn, og að sýslunefndin hefir breytt þeim, án þess að hafa heimtað nýjar skýrslur frá hreppstjórunum.
22. Endurskoðendur sýslusjóðsreiknings Vestmannaeyjasýslu 1892 lögðu fram reikninginn, og var hann eptir tillögum þeirra samþykktur án athugasemda.
23. Endurskoðendur sýslusjóðsreiknings Gullbringu- og Kjósarsýslu 1892 lögðu fram reikninginn, og höfðu þeir gjört þessar athugasemdir:
1. Samkvæmt skrám hreppstjóranna hafa verkfærir menn verið 1408, og

- 71 sýsluvegagjaldið því 704 dagsverk. Sje fylgt verðlagsskránni 1891—92 (dagsverkið 2 kr. 85 a.), er það 2006 kr. 40 a. Þar sem sýsluvegagjaldið er í þessum reikningi talið 2037 kr. 80 a., er það því oftalið um 31 kr. 40 a.
2. Yfir kostnað við brúargjörð við Rósusel (40 kr.) og yfir Fossvogslæk (75 kr.), vantar sundurliðaða reikninga, eða úttekt, hafi brýr þessar verið gjörðar eptir verksamningi.
  3. Dagpeningar sýslunefndarmanna eru vantaldir um 10 kr., samkvæmt kvittununum.
  4. Kvittun vantar fyrir 20 kr. af yfirsetukonukaupi Jórunnar Guðmundsdóttur.
  5. Athugasemdir endurskoðanda sýslunefndarinnar við reikninginn og svör reikningshaldara eiga að fylgja. Reikningurinn var samþykktur með þessum athugasemdum.
24. Endurskoðendur sýslusjóðsreiknings Borgarfjarðarsýslu 1892 lögðu fram reikninginn, og var hann samþykktur með þeirri athugasemd, að fylgiskjöl 45 (kvittun fyrir kostnaði kjörstjóra við alþingiskosningu) og 54 (kvittun fyrir þriðjungi kostnaðar við ljósker á Akranesi) vanti.
25. Amtsráðið tók til yfirvegunar, hver skilríki skyldi heimta um vegagjörðir í sýslunum, og eptir allmiklar umræður var ákveðið, að þegar nýjar vegagjörðir eða aðgjörðir á eldri vegum eru framkvæmdar á sama stað, er nemi 100 kr. eða meiru, þá skuli ávallt fram fara skoðunargjörð á slíkri vegagjörð af tilnefndum mönnum, en ef um minni vegagjörðir sje að ræða, þá nægi vottorð sýslunefndarmannsins í hreppnum eða skilríkra manna um, að verkið sje vel af hendi leyst. Enn fremur var ákveðið, að jafnan skuli nákvæmur sundurliðaður reikningur fylgja sýsluvegareikningnum um kostnaðinn við hverja einstaka vegagjörð, nema því að eins, að þær sjeu framkvæmdar eptir verksamningi, er þá skuli fylgja sýsluvegareikningnum.
26. Amtsráðið athugaði verkfærra skýrslur frá hreppstjórunum, er fylgja sýsluvegareikningunum, og með því að þeim var í ýmsu töluvert ábótavant, ákvað ráðið, að fela forseta sýnum að brýna fyrir sýslumönnum, að sjá um, að skýrslur þessar væru í löglegu formi, og að hreppstjórnir jafnan tilgreindu í skýrslunum aldur verkfærra manna, heimilisfang og stjett.
27. Forseti skýrði frá, að á síðasta ári hefði verið stofnuð kennsla fyrir heyrnar og málleysingja hjer á landi, er síra Ólafur Helgason á Stóra-Hrauni hefði tekizt á hendur síðastliðið haust, og lagði hann jafnframt fram brjef frá síra Ólafi Helgasyni, dags. 26. þ. m., þar sem hann fer fram á, að amtsráðið veiti 365 krónur árlega fyrir fæði, hýsingu, allan fatnað, þjónustu og kennslu alla handa hverjum nemanda úr Suðuramtinu, sem verði komið á tjeða kennslustofnun, og gat þess jafnframt, að á kennslustofnunina væru þegar komnir 3 heyrnar- og málleysingjar úr Suðuramtinu. Amtsráðið samþykkti, að fyrst um sinn mætti greiða þessa ársfúlgju úr jafnaðarsjóði með hverjum heyrnar- og málleysingja, er komið væri á kennslustofnun

þessa úr amtinu, svo framarlega sem hlutaðeigendur sjálfir gætu eigi stað-  
izt þann kostnað.

28. Í sambandi við nýnefnt mál lýsti amtsráðið því yfir, að því þætti mjög  
æskilegt, að kostnaði við kennslu heyrnar- og málleysingja væri ljett af  
jafnaðarsjóði, og að kennslan yrði kostuð af landssjóði, og fól það forseta  
sínnum, að bera þetta fram við landsstjórnina.
29. Forseti lagði fram brjef frá oddvitanum í Hvammshreppi, dags. 12. þ. m.,  
þar sem hann fer þess á leit, eð hann fái borgað af jafnaðarsjóði 19 kr.  
82 a. fyrir útbúnað eins heyrnar- og málleysingja til kennslustofnunarinn-  
ar að Stóra-Hrauni. Amtsráðið samþykkti þessa útborgun.
30. Því næst var rædd og samin áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs  
Suðुरamtsins fyrir árið 1894, svo látandi:

## Tekjur.

1. Væntanlegar eptirstöðvar 1893 . . . . .	kr. 1000.00	
2. Niðurjöfnun 1894 . . . . .	— 3883.00	kr. 4883.00

## Gjöld.

1. Til bólusetninga og annara heilbrigðismálefna	kr. 700.00	
2. Til ferðakostnaðar . . . . .	— 200.00	
3. Til kennslu heyrnar- og málleysingja . . . . .	— 1000.00	
4. Til sáttamálefna . . . . .	— 100.00	
5. Til kostnaðar við amtsráðið . . . . .	— 800.00	
6. Til afborgunar og vaxta af láni til Ölfusár- brúarinnar . . . . .	— 483.00	
7. Ýmisleg gjöld . . . . .	— 600.00	
8. Væntanlegar eptirstöðvar 31. des. 1894 . . . . .	— 1000.00	— 4883.00

Með því að niðurjöfnunin er mikið hærri nú en að undanfögnu, felur amts-  
ráðið forseta sínum að sækja um samþykki landshöfðingja til niðurjöfnun-  
arinnar, ef nauðsyn ber til.

31. Þá var borin upp svo látandi tillaga:

Amtsráðið vill láta í ljósi það álit sitt, að æskilegt sje, að lagður verði  
hæflegur tollur á umferð um Ölfusárbrúna, og að settur verði fastur gæzlu-  
maður við brúna, er innheimti tollinn, og jafnframt gjörir amtsráðið ráð  
fyrir, að tillag jafnaðarsjóðsins og sýslusjóðanna til brúarkostnaðarins falli  
þá að sjálfsögðu burtu.

Eptir nokkrar umræður var tillaga þessi samþykkt með 5 atkvæðum  
gegn 2.

32. Þá var tekið fyrir málið um sameining búnaðarskólanna, samkvæmt brjefi  
landshöfðingja 31. des. 1891. Mál þetta hafði verið rætt á fundi amts-  
ráðsins fyrra ár, sbr. tölul. 27 í f. á. fundargjörðum, en úrslitum þá frest-  
að. Álitsskjöl um málefni þetta eru komin frá öllum sýslunefndum í amt-  
inu, og fara þau í aðalefninu á þessa leið:

Sýslunefndir Austur-Skaptafells-, Vestur-Skaptafells- og Vestmannaeyja-  
sýslna leggja til, að einungis sje einn búnaðarskóli fyrir landið. Sýslu-

71

nefndir Árness-, Gullbringu- og Kjósar- og Borgarfjarðar-sýslna leggja til, að tveir búnaðarskólar sjeu fyrir landið, annar á Norðurlandi og hinn á Suðurlandi. Sýslunefnd Rangárvallasýslu leggur til, að haldið sje því fyrirkomulagi, sem nú er á búnaðarskólum. Eptir að amtsráðið hafði rætt málið á ýmsa vegu, var borin undir atkvæði svo hljóðandi tillaga:

Amtsráðið lætur í ljósi það álit, að eins og nú er ástatt, sje eigi heppilegt, að fækka búnaðarskólunum, eða svipta þá styrk af landsfje, því af niðurlagning þeirra mundi leiða mikinn fjárhagslegan skaða fyrir hlutaðeigandi hjeruð, en tók það jafnframt fram, að æskilegt væri, að búnaðarskólar þessir væru styrktir svo ríflega af landsfje, að þeir geti orðið að tilætluðum notum.

Tillaga þessi var samþykkt með 6 atkvæðum gegn 1.

Síðan var fundi frestað til næsta dags.

Næsta dag, hinn 29. júní, var fundinum haldið áfram, og kom þá til umræðu:

33. Var framlagður sýslusjóðsreikningur Rangárvallasýslu 1892, er síðar hafði borizt amtsráðinu, og höfðu þeir endurskoðað reikninginn, sýslumaður Guðlaugur Guðmundsson og hjeraðslæknir Þorgrímur Þórðarson. Amtsráðið samþykkti reikninginn óbreyttan; en til leiðbeiningar og eptirbreytni framvegis athugaði amtsráðið, að kostnaður við skoðun á jarðabótum búnaðarfjelaga í sýslunni, svo og kostnaður við auglýsing óskilafjár, ætti að vera sýslusjóði óviðkomandi.
34. Forseti lagði fram fjárhagsreikning skólabúsins á Hvanneyri 1892—1893, reikning Hvanneyrarkirkju sama ár, yfirlit yfir efnahag Hvanneyrarskólans í fardögum 1893, og ýmsar fleiri skýrslur viðvíkjandi Hvanneyraskólanum. Amtsráðið athugaði þessar skýrslur og reikninga, og fann það að sinni eigi ástæðu til þess, að gjöra neinar athugasemdir við þessi skjöl, en fól sýslumanni Guðlaugi Guðmundssyni að endurskoða reikningana. Forseti skýrði frá, að nú væri verið að byggja kirkjuna á Hvanneyri, sem eigi hefði getað dregizt lengur, og lagði fram samning um byggingu kirkjunnar, dags. 13. maí 1893, er hann hefði gjört upp á væntanlegt samþykki amtsráðsins. Amtsráðið samþykkti samning þennan, er heimilar að greiða fyrir bygging kirkjunnar 3800 kr. Þá samþykkti amtsráðið eptir tillögu forseta síns, að taka allt að 2500 króna lán til kirkjubyggingarinnar upp á tekjur kirkjunnar, og fól forseta að útvega og taka þetta lán fyrir hönd amtsráðsins. Forseti lagði fram bónarbrjef um skólastjórasyóslanina á Hvanneyri; amtsráðið tók til ihugunar, hvort eigi yrði aðskilin stjórn búsins og kennsla á skólanum, þannig, að annar væri bústjóri, en hinn skólastjóri; en eptir nokkrar umræður komst amtsráðið að þeirri niðurstöðu, að þessi aðskilnaður væri eigi tiltækilegur, eins og nú á stendur. Að svo stöddu gat amtsráðið eigi veitt skólastjórasyóslanina, en ákvað að fresta veitingunni til hausts, og fela forseta sínum að veita sýslanina, eptir að hafa leitað á-lits skólanefndarinnar um veitinguna, og gjöra nánari samning við hinn



væntanlega skólustjóra um kjör hans, upp á væntanlegt samþykki amtsráðsins. **71**

Síðan var fundarbókin upp lesin, samþykkt, og fundi slitið.

Íslands Suðuramt, Reykjavík 8. septbr. 1893.

*Kristján Jónsson,*  
settur.

## Yfirlit

79

yfir efnahag sýsluvegasjóða í Norðuramtinn 1892.

### 1. Húnavatnssýsla.

#### Tekjur.

Eign frá f. á. . . . .	Kr. 385,75	
Sýsluvegagjald . . . . .	— 784,65	
Aðrar tekjur . . . . .	— 0,40	
Lán endurborguð . . . . .	— 92,32	
Til jafnaðar fært . . . . .	— 50,00	kr. 1313,12

#### Gjöld.

Vegabótakostnaður . . . . .	Kr. 720,85	
Ýmisleg útgjöld . . . . .	— 78,00	
Afborgun og vextir af landssjóðsláni . . . . .	— 310,00	
Lánað til lögferju . . . . .	— 50,00	
Til jafnaðar fært . . . . .	— 92,32	
Eign til næsta árs . . . . .	— 61,95	— 1313,12

### 2. Skagafjarðarsýsla.

#### Tekjur.

Eign frá f. á. . . . .	Kr. 205,35	
Sýsluvegagjald . . . . .	— 1025,80	
Tillag úr hreppavegasjóðum . . . . .	— 54,00	— 1285,15

#### Gjöld.

Vegabótakostnaður . . . . .	Kr. 994,93	
Annar kostnaður . . . . .	— 112,00	
Eign til næsta árs . . . . .	— 178,22	— 1285,15

### 3. Eyjafjarðarsýsla.

#### Tekjur.

Eign frá f. á. . . . .	Kr. 304,93	
Sýsluvegagjald . . . . .	— 1115,09	
Útistandandi gjöld frá fyrri árum . . . . .	— 106,58	
Endurgjald fyrir vegabót á aðalpósthleidi . . . . .	— 16,40	— 1543,00

#### Gjöld.

Vegabótakostnaður . . . . .	Kr. 1246,80	
Samkvæmt úrskurði amtsráðsins á reikningi 1891 . . . . .	— 2,17	
Til jafnaðar fært . . . . .	— 106,58	
Eign til næsta árs . . . . .	— 187,45	— 1543,00